

Nd.

322. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Flm.: Magnús Torfason, Hannes Jónsson.

1. gr.

Fasteignaskattur, er fellur í sýslum landsins, greiðist í sýsluvegasjóð sýslu þeirrar, er fasteignin liggur í, fyrsta sinn 1935. Skatt þennan getur sýslunefnd hækkað allt að helmingi.

2. gr.

Lögreglustjóri greiðir oddvita sýslunefndar skatt þennan, jafnóðum og hann er innheimtur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þær breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpi þessu felast, eru aðeins tvær. Önnur sú, að fasteignaskattinum er breytt úr því að vera rikisskattur, í það að vera skattur til sýslusjóða. Hin, að heimild er gefin til þess að hækka hann, ef sýslunefnd vill, þó innan þröngra takmarka.

Hin fyrri þessara breytinga er grundvallarbreyting, og þykir því rétt að fara um hana nokkrum orðum. Það, sem um hana er sagt, á og einnig við hina síðari.

Samkvæmt gildandi lögum er héruðunum veitt talsvert rifleg sjálfstjórn á pappírnum. Og fram til síðustu tíma var kjördæmaskiptingu þannig fyrir komið, að allmikil trygging var fyrir héraðsvaldið, þótt kjördæmaskiptingin í sjálfu sér verði ekki talin liður í sjálfstjórn héraðanna.

Með stjórnarskrárbreytingunni og kosningalögum nýju var þessu þó allmjög raskað, þannig, að áhrifavald héraðanna á Alþingi er stórum rýrt, og er því ástæða til þess að vera vel á verði um sjálfstjórn héraðanna.

Þeir skattstofnar, sem héruðunum eru ætlaðir og þau mega ekki án vera, hafa stórrýrnað á síðustu árum, enda á þá gengið af ríkisvaldinu. En af þessu leiðir fjárhagsleg vandræði héraðanna, og má svo fara, ef fram er gengið svo sem nú horfir, að héruðin verði allsendis ófær til að inna af hendi skyldur sínar lögum samkvæmt, og þá því fremur með öllu máttvana til þess að gera nokkuð umfram ströngustu lagaskyldur. Er þá svo komið, að héraðsleg sjálfstjórn er að engu orðin, nema á pappírnum, og héraðsstjórnirnar sjálfar ekki annað en sýslunarmenn ríkisvaldsins.

Bændaflokkurinn telur þessa stefnu stórhættulega og þjóðinni til ófarnaðar.

Frumvarpið er því fram borið fyrst og fremst til þess að marka stefnu flokksins í þessu máli, með því að tryggja héruðunum varanlegan tekjustofn, sem ekki verði seilt inn á af öðrum, og leggja þannig tryggari grundvöll að raunverulegri sjálfstjórn héraðanna, en án fjármagns er hún engin.

Fasteignaskatturinn hefir orðið fyrir valinu, bæði af því, að fasteignir eru taldar eðlilegasti tekjustofn héraðanna, auk skatts af tekjum og eignum, og svo vegna þess, að löggjafinn hefir þegar fengið þær héruðunum í þessu skyni að nokkru leyti (lóða- og húsaskatturinn í ýmsum bæjum, sýsluvegasjóðsskattur).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skatturinn renni í sýslusjóð, og er það gert sakir þess, að flestar meiri háttar framkvæmdir ná til meira en eins hreppsfélags, og njóta hreppsfélögin því styrks til þeirra úr sýslusjóði.

Þetta frumvarp er að visu aðeins byrjun á mikilsverðu máli og langt frá því að vera nokkur fullnaðarlausn þess. Fjárhæðin, sem um er að ræða, er einnig lítil, og engan veginn svo að nægi, þótt ekki hafi þótt rétt að fara lengra að sinni.

Samkvæmt síðasta fasteignamati nemur skatturinn því, sem hér segir, og skiptist þannig:

Sýslur:	Landverð		Húsaverð		Skattur samtals kr.
	Matsverð kr.	Skattur kr.	Matsverð kr.	Skattur kr.	
Rangárvalla-	1562600	4687.80	1296000	1944.00	6631.80
Árnes-	3416300	10249.00	3685400	5527.00	15776.00
Gullbringu-	1827000	5481.00	3037100	4555.00	10036.00
Kjósar-	1669300	5007.90	2050100	3075.00	8082.90
Borgarfjarðar-	1645600	4936.80	2336700	3505.00	8441.80
Mýra-	1190900	3572.20	1666500	2499.70	6071.90
Snæf.- og Hnapp.- ..	1349400	4048.30	1889600	2834.20	6882.50
Dala-	1014800	3044.40	608800	913.00	3957.60
A.-Barð.-	442000	1326.00	321900	482.90	1808.90
V.-Barð.-	574300	1725.00	1216000	1824.00	3549.00
V.-Ísafjarðar-	654700	1964.00	1724700	2587.00	4551.00
N.-Ísafjarðar-	1168500	3505.50	2222000	3333.00	6838.50
Stranda-	665100	1995.30	697400	1046.00	3041.30
V.-Húnavatns-	838000	2514.00	586800	880.00	3394.00
A.-Húnavatns-	1224800	3674.00	1018000	1527.00	5201.00
Skagafjarðar-	1992400	5977.20	1674400	2511.60	8488.80
Eyjafjarðar-	2218000	6654.00	2697100	4045.60	10699.60
S.-Þingeyjar-	1824700	5474.10	2510800	3766.20	9240.30
N.-Þingeyjar-	892000	2676.00	1115400	1673.10	4349.10
N.-Múlas.-	1617400	4852.20	1240300	1860.00	6712.20
S.-Múlas.-	1673000	5019.00	3192600	4788.90	9807.90
A.-Skaft.-	500500	1501.50	730300	1095.40	2596.90
V.-Skaft.-	610000	1830.00	706800	1060.20	2890.20
Samtals:	30571300	91715.20	38224700	57334.00	149049.20